

## Uppgjör mjólkur fyrir verðlagsárið 2014

Árið 2014 var mjólkurframleiðsla samtals 133.573.812 lítrar, en greiðslumark ársins var 125.000.000 lítrar. Aðildarfélag SAM tóku á móti 133.513.735 lítrum, þar af allri mjólk sem var framleidd umfram greiðslumarks samtals 8.573.812 lítrum.

Á verðlagsárinu 2014 nam útflutningur, af hálfu aðildarfélaga SAM, 908.37 kg af mjólkurvörum sem umreiknast samkvæmt ríkisstuðlum yfir í 4.807.970 lítra mjólkur á próteingrunni og 762.410 lítra á fitugrunni. Sundurgreindur útflutningur verðlagsársins í magni mjólkurvara og umreiknaður yfir í mjólk frá framleiðendum, var sem hér segir:

### Útflutningur aðildarfélaga SAM árið 2014

Vöruflokkur	Kíló	Umreiknað í lítra mjólkur miðað við	
		fitu (lítrar)	prótein (lítrar)
Skyr	675.832	29.827	2.420.810
Sýrðar vörur	2.456	1.411	2.301
Smjör	31.725	671.509	46.922
Ostar	3.244	29.765	22.723
Undanrennuduft	195.050	29.898	2.315.215
Samtals:	908.307	762.410	4.807.970

Samkvæmt 52. grein laga nr. 99/1993 skal framleiðsla mjólkur umfram greiðslumark fara á erlendan markað á ábyrgð hvers framleiðanda og viðkomandi afurðastöðvar, en Framkvæmdanefnd búvörusamninga getur heimilað sölu þessara vara innan lands ef heildarframleiðsla verður minni en sala og birgðastaða gefa tilefni til.

Sala mjólkur á innanlandsmarkaði á verðlagsárinu 2014 var meiri en úthlutað greiðslumark ársins. Í október 2014 var ljóst að sala innanlands, umreiknað á fitugrunn, yrði meiri en sem næmi greiðslumarki ársins. Vegna mikillar sölu síðustu tvö ár fyrir 2014 var einnig uppsöfnuð þörf til að auka birgðir mjólkurafurða í landinu. Af þessum ástæðum óskaði Samstarfsnefnd SAM og BÍ, með bréfi 20. október 2014, eftir heimild Framkvæmdanefndar búvörusamninga til að ráðstafa allri móttekinni mjólk aðildarfélaga SAM, umfram greiðslumark, verðlagsárið 2014 á innanlandsmarkað og til birgðaaukningar. Á fundi Framkvæmdanefndar búvörusamninga sem haldin var 27. október 2014 var samþykkt að heimila aðildarfélagum SAM að ráðstafa allri móttekinni mjólk á innanlandsmarkað og til birgðaaukningar.

Samstarfsnefnd SAM og Bændasamtaka Íslands afgreiðir mjólkuruppgjör hvers verðlagsárs og sendir til Framkvæmdanefndar búvörusamninga til staðfestingar. Mjólkuruppgjör vegna verðlagsársins 2014 var afgreitt af Samstarfsnefnd SAM og BÍ 11. febrúar 2014 og var sent til Framkvæmdanefndar búvörusamninga.